

# Ársskýrsla 01.08-31.12.2001 og 2002

## Almennt um sjóðinn

Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks var stofnaður á grundvelli kjarasamnings á milli Samtaka atvinnulífsins annars vegar og Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Landssambands íslenzkra verzlunarmanna hins vegar dags. 14. maí 2000.

Markmið sjóðsins er að auka hæfni og menntun verslunar- og skrifstofufólks, ásamt því að stuðla að auknu framboði af námi og námsefni sem svari þörfum atvinnulífsins á hverjum tíma.

Verkefni sjóðsins eru eftirfarandi:

- a) Að veita fjárhagsaðstoð við menntun starfsmanna.
- b) Kostun námskeiðahalds.
- c) Kostun námsefnisgerðar.
- d) Styrkur til fyrirtækja til starfs- og endurmenntunar starfsmanna.

Samþykktir sjóðsins voru lagðar fyrir stjórnir SA, VR og LÍV. Einnig vann stjórnin starfsreglur sem voru samþykktar í stjórn sjóðsins.

Tekjur sjóðsins eru á tvo vegu, atvinnurekendur greiða sem svarar 0,15% af heildarlaunum starfsmanna í sjóðinn og stéttarfélögin greiða mótframlag sem svarar einum þriðja af greiddu framlagi atvinnurekenda til verkefnisins. Fyrirtæki geta sótt um undanþágu frá fullu gjaldi að uppfylltum nánari skilyrðum sbr. grein 12 í samþykktum sjóðsins. Gjald til sjóðsins lækkar þá í 0,05% af heildarlaunum starfsmanna og mótframlag stéttarfélagsins eftir því.

Í starfsreglum stjórnarinnar er fjallað um greiðslu styrkja til félagsmanna VR og LÍV, til fyrirtækja og stéttarféлага og nánari reglur um lækkun á iðgjaldi til sjóðsins.

Félagsmenn VR og LÍV ávinna sér eitt stig fyrir hvern mánuð sem viðkomandi er í starfi, en getur áunnið sér viðbótarstig eða brot úr stigi í hlutfalli við upphæð iðgjalds. Styrkupphæð vegna starfsmenntastyrkja nemur aldrei meira en 50% af námskeiðskostnaði að hámarki kr. 60.000 ári eftir stigaeign. Tómsundastyrkir nema að hámarki 8.000 og dragast þá stig frá félagsmanni af starfsmenntastyrknum. Styrkir eru greiddir eftir á gegn kvittun fyrir greiðslu námskeiðsgjalds svo og staðfestingu á að námskröfum hafi verið fullnægt. Ferðastyrkir eru greiddir ef félagsmenn hafa sótt nám eða námskeið annars staðar á landinu en í heimabyggð eða erlendis, en upphæð þeirra fer eftir stigaeign og dregst einnig af starfsmenntastyrknum.

Fyrirtæki sem greiða iðgjald til sjóðsins eiga kost á styrkjum til verkefna sem hafa það að markmiði að mennta starfsfólk fyrirtækisins. Styrkhæf verkefni geta m.a. verið námsefnisgerð eða námskeiðahald. Þau verkefni sem stuðla að nýsköpun í menntun fyrir starfsgreinarnar ásamt þróunarverkefnum munu njóta forgangs við styrkveitingu.

Stjórn er heimilt að veita styrki til einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka og skóla s.s. vegna útgáfu námsefnis, kennslu, eða annars sem að mati stjórnar leiðir til aukinnar menntunar innan stéttarinnar.

Nokkur skilyrði eru sett fyrir lækkun á sjóðsgjaldinu fyrir fyrirtæki. Fyrirtækið skal sýna fram á að virk endurmenntunarstefna sé í fyrirtækinu. Allir starfsmenn skulu eiga kost á að sækja þau námskeið sem í boði eru. Fyrirtækið skal bjóða starfsmönnum sínum bæði fagnámskeið og almenn námskeið. Fyrirtækið skal sýna fram á að kostnaður vegna menntastefnu sé meiri en sem nemur 0,15% af heildarlaunum starfsmanna. Stjórn sjóðsins metur hvort ofangreindum skilyrðum sé fullnægt og er það mat endanlegt. Staðfesti stjórn undanþágu frá 0,15% í 0,05% gjald gildir undanþágan til eins árs fyrsta árið og eftir það til tveggja ára í senn.

## **Stjórn sjóðsins**

Stjórn sjóðsins er skipuð sex mönnum til eins árs í senn. Fyrir hönd Samtök atvinnulífsins sátu í stjórninni Sigurður Jónsson, formaður (Samtök verslunar og þjónustu), Sigurður Ólafsson (Vátryggingafélag Íslands) og Gunnar Ingi Sigurðsson (Hagkaup). Varamenn eru Hannes G. Sigurðsson (Samtök atvinnulífsins) og Ingi Bogi Bogason (Samtök Iðnaðarins). Fyrir hönd Verzlunarmannafélag Reykjavíkur sátu í stjórn sjóðsins Guðmundur B. Ólafsson, formaður og Alda Sigurðardóttir, ritari. Varamaður er Rannveig Sigurðardóttir (Verzlunarmannafélag Reykjavíkur). Fyrir hönd Landssambands íslenskra verslunarmanna situr Júnía Þorkeldsdóttir (Verzlunarmannafélag Reykjavíkur) og er Guðrún Erlingsdóttir (Verslunarmannafélag Vestmannaeyja) varamaður hennar.

3. september 2001 var Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir (Baugi) skipuð í stjórnina stað Steinþórs Þórðarssonar (Baugi) fyrir hönd samtaka atvinnulífsins.

27. september 2002 var Gunnar Ingi Sigurðsson (Hagkaup) skipaður í stórn sjóðsins í stað Guðrúnar Jóhönnu Guðmundsdóttur fyrir hönd Samtaka atvinnulífsins.

24. október 2002 var Júnía Þorkeldsdóttir (VR) skipuð í stjórn í stað Guðbrands Einarssonar (Verslunarmannafélag Suðurnesja) fyrir hönd Landssambands íslenskra verslunarmanna.

Aðilar sjóðsins skiptast á að gegna formennsku til tveggja ára í senn og voru fyrstu tvö árin þ.e. frá 2000-2002 á vegum VR og verða árin 2003-2004 í höndum fulltrúa SA.

Löggiltur endurskoðandi sjóðsins er Gísli Guðmundsson frá Deloitte & Touche.

## **Störf stjórnar á tímabilinu**

6. grein í samþykktum sjóðsins var breytt þannig að reikningar sjóðsins skulu lagðir fram áritaðir af löggiltum endurskoðanda fyrir 1. maí ár hvert (í stað 1. des) og að reikningsár sjóðsins er frá 1. janúar til 31. desember (í stað frá 1. ágúst til 31. júlí). Því var síðasta uppgjör haft tvískipt, þ.e. 1. ágúst -31. desember 2001 annars vegar og hins vegar 1. janúar-31. desember 2002.

Í 11. grein starfsreglna sjóðsins var samþykkt að fella út eftirfarandi hluta: „samkvæmt grundvallarlaunum Lífeyrissjóðs verzlunarmanna” og þar með tengist stigaeign ekki lengur þeirri vísitölu sem Lífeyrissjóður verslunarmanna fer eftir.

Samtals fengu 9 ný fyrirtæki undanþágu frá iðgjaldi sjóðsins úr 0,15% í 0,05% á tímabilinu 1. ágúst 2001- 31. ágúst 2001 og 6 fyrirtæki endurnýjuðu undanþáguna til næstu tveggja ára á tímabilinu 1. janúar -31. desember 2002.

Eftirfarandi styrkir til fyrirtækja, félagasamtaka og stofnanna voru veittir 1. ágúst 2001-31. desember 2001 og árið 2002:

Kr. 40.000	MFA	26. október 2001
Kr. 130.000	Hólaskóli	13. febrúar 2002
Kr. 87.380	Kísiliðjan við Mývatn	22. mars 2002
Kr. 2.500.000	Bifröst /SVÞ	2. maí 2002
Kr. 60.000	Vökull Stéttarfélag	24. október 2002

Innheimta iðgjalda frá félögum út á landi fluttist yfir til LÍV frá VR um áramótin 2002/2003.

Meðfylgjandi er listi fyrir fyrirtæki með undanþágu frá iðgjaldi til sjóðsins.

<b>Fyrirtæki</b>	<b>Kennitala</b>	<b>Samþykkt fyrst (2000 og 2001)</b>
Kaupþing hf	560882-0419	14. 12. 2000
Hf. Eimskipafélag Íslands	510169-1829	14. 12. 2000
Tölvu- og verkfræðiþjónustan	290552-7969	14. 12. 2000
Baugur hf.	480798-2289	14. 12. 2000
1. Hagkaup	430698-3549	14. 12. 2000
2. Nýkaup	430698-3709	14. 12. 2000
3. Aðföng	450199-3469	14. 12. 2000
4. Augun Okkar	700996-2129	14. 12. 2000
5. Bónus	450199-3389	14. 12. 2000
6. 10-11/ Hraðkaup	450199-3629	14. 12. 2000
7. Útilíf	580599-3119	14. 12. 2000
8. Top Shop	441199-3339	14. 12. 2000
9. Lyfjabúðir	680599-3199	14. 12. 2000
10. Baugur.net	570300-2960	14. 12. 2000
Sjóvá-Almennar tryggingar hf	701288-1739	29. 01. 2001
Hugur hf	500386-1859	06. 04. 2001
Europay Íslands – kreditkort hf	440686-1259	26. 10. 2001
Húsasmiðjan	520171-0299	26. 10. 2001
Flugleiðir	601273-0129	26. 10. 2001
1. Bílaleiga	471299-2439	26. 10. 2001
2. Frakt ehf	471299-2359	26. 10. 2001
3. IGS	551200-3530	26. 10. 2001
Tal hf	660397-2729	26. 10. 2001